

**Ed.**

**481. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Flutningsmenn: Bernh. Stefánsson og Einar Árnason.

1. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist:

Heimilt skal þó stjórn Kreppulánasjóðs, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að 250000 kr. af reiðufé sjóðsins og allt að 500000 kr. í skuldabréfum Kreppulánasjóðs, sem afgangs verða, þegar lánveitingum er lokið úr sjóðnum, til greiðslu hluta af þeim kröfum, sem lánsstofnanir eða einstakir menn eignast á ábyrgðarmenn lántakenda úr Kreppulánasjóði, vegna þess að kröfurnar fást ekki greiddar að fullu úr sjóðnum, gegn því, að að minnsta kosti jafnhá upphæð af ábyrgðarkröfunum sé látin niður falla.

Framlag þetta skal greitt að  $\frac{1}{3}$  hluta í peningum og að  $\frac{2}{3}$  hlutum í skuldabréfum Kreppulánasjóðs.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22 9. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og ná ákvæði þeirra jafnt til þeirra krafna, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laganna, og þeirra, er síðar kunna að verða til.

### Greinargerð.

Enn er ekki að fullu lokið lánveitingum úr Kreppulánasjóði, og verður því ekki sagt með fullri vissu, hvað háar upphæðir falla alls á ábyrgðarmenn lántakenda í sjóðnum. Þó er þegar víst, að sú upphæð verður nokkuð yfir 2 milljónir króna. Margir þessara ábyrgðarmanna munu ekki vera aflögufærir og hætta á, að þeir komist í greiðsluþrot, ef að þeim er gengið. Ákvæði kreppulánasjóðslaganna um það, að skuldaskilasmningur haggi ekki ábyrgðum, þykja mörgum hörð og ósanngjörn í garð ábyrgðarmanna, þar sem þeir hafa yfirleitt ekki verið kvaddir til smninganna, og því sé, einnig af þeirri ástæðu, rétt að létta byrðar þeirra. Fjöldi lántakenda í Kreppulánasjóði telur það siðferðisskyldu sína að láta ábyrgðarmennina ekki tapa á sér, og reyna því til lengstra laga að standa sjálfir straum af þeim upphæðum, sem á ábyrgðarmenn þeirra hafa fallið í orði kveðnu, en við það verða „eftirgjafir“ þær, sem ákveðnar eru í skuldaskilasmningunum, þýðingarlausar og koma ekki að notum.

Síðasta Alþingi (1934) viðurkenndi, að þörf væri á, að ríkið veitti hjálp í þessu efni og heimilaði því að verja 250 þús. kr. af reiðufé Kreppulánasjóðs til að greiða hluta af ábyrgðarkröfunum, gegn eftirgjöfum frá kröfuhöfum. Lög þessi (nr. 22 9. jan. 1935) eru að visu ekki komin til verulegra framkvæmda ennþá, en þó er bersýnilegt, að í þeim felst alveg ófullnægjandi hjálp. Framlag Kreppulánasjóðs verður samkvæmt þeim litið yfir 10% af ábyrgðarkröfunum, og er engin von til þess, að lánstofnanir og aðrir kröfuhafar gefi svo mikið eftir, að afgangurinn verði ekki samt sem áður of þung byrði fyrir ábyrgðarmennina (eða lántakendur sjálfa).

Í þessu frv. er því lagt til að þrefalda þetta framlag, og verði aukningin greidd í skuldabréfum Kreppulánasjóðs. Ennfremur að það skilyrði verði sett fyrir framlagi, að kröfuhafi gefi að minnsta kosti jafnháa upphæð eftir og framlaginu nemur. Mundi þá láta nærri, að ábyrgðarkröfurnar, þær sem til greina koma, gætu skipzt í 3 nokkurnvegin jafna hluta: einn greiddist með framlaginu, annan gæfi lánstofnun eða kröfuhafi eftir, og þann þriðja greiddu svo ábyrgðarmenn. Mundi þessi tilhögun án efa þykja sanngjörn og flestum verða kleift að standast greiðslur samkv. henni.

Það mundi að sjálfsgöðu koma á ríkissjóð á sínum tíma að innleysa þá ½ millj. kr., sem frv. gerir ráð fyrir, að lögð verði fram í kreppubréfum, en þar sem útgjöld af því dreifðust niður á 40 ár, virðist það ekki mjög tilfinnanleg byrði fyrir ríkissjóð.